



Reykjavík 21. maí 2007

## Skýrsla stjórnar AE starfsendurhæfingar fyrir árið 2006

Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað í maí 2005. Á árinu var unnið áfram að undirbúningi fyrir starfsemi félagsins sem hófst á árinu 2006 en tilgangur þess er rekstur starfsendurhæfingar sem mun vinna að því að efla virkni og þátttöku fólks með geðsjúkdóma og annarra sem misst hafa hlutverk og skapa því tækifæri til áframhaldandi starfa á almennum vinnumarkaði, forvarnarstarf, að efla notendaáhrif, skapa hlutverk og að setja sérþekkingu geðsjúkra í farveg. Sérþekking geðsjúkra verður nýtt á jákvæðan hátt til nýsköpunar og þjónusta mótuð í samvinnu við notendur.

Í stjórn voru: Árni Gunnarsson, formaður, Hulda Styrmsdóttir, varaformaður, Andri Árnason, Auður Axelsdóttir, og Þórólfur Árnason. Elín Ebba Ásmundsdóttir varamaður.

Á árinu var unnið ötullega að því að afla fjár til starfsemi Hlutverkaseturs. Í upphafi árs kom vilyrði frá heilbrigðis- og tryggingarráðherra og í september hófst samningaferli AE starfsendurhæfingar við samninganefnd heilbrigðis- og tryggingarráðherra. Ekki tókst að ljúka því á árinu en áfram er unnið að gerð þjónustusamnings en upphæðin mun lækka verulega frá upphaflegu vilyrði.

Í árslok tókst að ljúka samningi við félagsmálaráðuneyti um gerð „Notandi spyr notanda“ (NsN) úttekta á þjónustu við geðfatlaða á vegum ráðuneytisins og gerð fræðsluefnis fyrir starfsmenn svæðisskrifstofa. Fagaðilar og notendur vinna sameiginlega að þessu verkefni.

Í byrjun maí 2006 var ráðinn rekstarstjóri, Anna Katrín Árnadóttir, í hálfu starfi hjá félaginu sem varð fullt starf frá 1. september sl. Helstu hlutverk rekstarstjóra er að vinna að kynningu og fjármögnun verkefnisins. Námu greidd laun krónur 2.123.100.

Á árinu 2005 fékk félagið greiddar kr. 4.000.000 í styrk frá heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytinu vegna þessa verks og fékk sömu fjárhæð á árinu 2006.

Hluthafar eru tveir, þær: Auður Axelsdóttir kt. 020163-2619 og Elín Ebba Ásmundsdóttir kt. 111255-4239.

Hulda Dóra Styrmsdóttir, formaður stjórnar